



SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 – Sími: 470 2300 – Fax: 472 1588
Pósthólf 15 – Hafnargata 44 – 710 Seyðisfjörður
Netfang: sfk@sfk.is – Veffang: www.seydisfjordur.is

Seyðisfirði 21.apríl. 2017

Alþingi
bt.Umhverfis-og samgöngunefndar Alþingis
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Efni: Útskrift úr fundargerð 2393. fundar bæjarráðs Seyðisfjarðarkaupstaðar 19.04.2017.

Eftirfarandi færtil bókar:

Miðvikudaginn 19.04.17 kom bæjarráð Seyðisfjarðar saman til fundar á skrifstofu bæjarins að Hafnargötu 44. Fundurinn hófst kl. 16:00.

Mætt: Margrét Guðjónsdóttir, Elfa Hlín Pétursdóttir og Vilhjálmur Jónsson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá: Erindi

1.4.Alþingi 10.04.17. Þingsályktunartillaga um opnun neyðarbrautarinnar á Reykjavíkurlflugvelli, 156. mál.

Bæjarráð fagnar fram kominni þingsályktunartillögu um brýnt hagsmuna- og öryggismál íbúa landsbyggðanna og ferðamanna og áréttar umsögn bæjarstjórnar Seyðisfjarðar sem birtist í ályktun hennar frá 15. febrúar 2017 um Reykjavíkurlflugvöll og er eftirfarandi:

Reykjavíkurlflugvöllur – Neyðarbraut.

„Bæjarstjórn Seyðisfjarðar ályktar eftirfarandi um lokun brautar 06/24 á Reykjavíkurlflugvelli:

Lokun brautar 06/24 á Reykjavíkurlflugvelli, svokallaðrar neyðarbrautar hefur í vetur sýnt sig vera áhættusamt hættuspil. Það hefur komið í ljós að sjúkraflugvélar hafa ekki getað lent í Reykjavík né annars staðar á Suðvesturhorninu með bráðveikt fólk sem hefur þurft á nauðsynlegri umönnun að halda á eina hátækni sjúkrahúsi landsmanna.

Með lokun brautarinnar var aðgengi að þessari bráðnauðsynlegu þjónustu sett í verulegt uppnám og áhættu. Úr því þarf að bæta án tafar með því að opna brautina á ný uns jafn örugg og trygg lausn er fundin.

Þá hefur komið í ljós að umfjöllun um brautina og að hluta rökstuðningur fyrir lokun hennar hefur verið byggður á röngum forsendum samanber ítarlega

athugun Öryggisnefndar félags íslenskra atvinnuflugmanna ÖFÍA. Niðurstaðan var að útreiknaður nothæfisstuðull Reykjavíkurflugvallar skv. ICAO staðli á braut 06/24 í skýrslu Eflu væri rangur og að ekki hefði verið tekið með í reikninginn bremsuskilyrði á flugbrautunum.

Að betur athuguðu máli eftir reynslu vetrarins hljóta málsaðilar að vilja axla ábyrgð og endurskoða þá stöðu sem sjúkraflogið hefur verið sett í.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar skorar á borgarstjórn Reykjavíkur, Alþingi og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að tryggja öryggi íbúa landsbyggðanna og ferðafólks með því að opna neyðarbrautina að nýju, í það minnsta þangað til önnur jafn trygg og örugg leið hefur verið opnuð.”

Virðingarfyllst,

Inga Þorvaldsdóttir.